

Innifalið í þessu gjaldi eru allar venjulegar uppflettingar og 300 vottorðsigildi á ári. Vari tenging skemur en eitt ár skal reikna fjölda vottorðsigilda hlutfallslega.

Í ofangreindu gjaldi er ekki innifalin greiðsla til dreifingaraðila fasteignaskrárinnar, þ.e. Skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar og Reiknistofu bankanna.

4. gr.

Fyrir sérmöt skal greiða sem hér segir:

- a. Sérmat á íbúð: kr. 7 500,00
- b. Önnur sérmöt: Lágmarksgjald kr. 7 500,00
Fyrir vinnu sérfræðings umfram 2,5 klst.: kr. 3 000,00/klst.
Fyrir vinnu matsfulltrúa umfram 4,0 klst.: kr. 1 800,00/klst.

5. gr.

Tímavinnugjald fyrir aðra þjónustu Fasteignamats ríkisins skal vera svo sem hér segir:

- a. Sérfræðingur: 2 700,00 kr./klst.
- b. Matsfulltrúi: 1 600,00 kr./klst.
- c. Aðrir starfsmenn: 1 200,00 kr./klst.

6. gr.

Fyrir hvert vottorð úr fasteignaskrá skal greiða kr. 300,00.

7. gr.

Fyrir ljósrit úr fasteignaskrá skal greiða kr. 300,00 fyrir hverja síðu.

8. gr.

Gjaldskrá þessi er sett skv. 14. gr. laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, sbr. 27. gr. laga nr. 1/1992, um breyting á þeim, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 397 10. nóvember 1992 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 8. nóvember 1993.

F. h. r.

Þórhallur Arason.

Björn Hafsteinsson.

REGLUGERÐ

**um (16.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja,
afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.**

1. gr.

Við 35. gr. reglugerðarinnar, eins og henni var breytt með reglugerð nr. 281/1992, bætist við ný málsgrein, er hljóðar svo:

„Í þeim tilvikum þar sem aðgengi hins virka efnis (bioavailability) er ólíkt milli samheitalyfja, skal þó ekki breyta útfrá ávísun læknis, ef um endurtekna meðferð er að ræða. Þetta á sérstaklega við þar sem læknisfræðileg breidd lyfsins (therapeutic-margin) er lítil, t.d.

lyf sem innihalda: Carbamazepinum, Digoxinum, Phenytoinum, Amitriptilinum, Imipraminum klóríð, Glibenclamidum, Isosorbidi dinitras, Isosorbidi mononitras, Methotrexatum, Theophyllinum, Doxepinum klóríð og Tolbutamidum (listinn er ekki tæmandi).“

2. gr.

Í viðauka 4 skal bæta við eftirfarandi ákvæði um áletrun lyfja, sem innihalda acidum acetylsalicylicum við fyrri texta undir fyrirsögninni **varúð**:

„Þungaðar konur eiga ekki að taka inn lyfið nema í samráði við lækni.“

3. gr.

Eftirfarandi skal bætt við viðauka 4 við reglugerðina:

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu
Paracetamol	Lyf í afmældum skömmtum; einstakur skammtur mest 500 mg;		
	Forðatöflur 500 mg: Allt að 30 stk. handa einstaklingi.	PARATABS RETARD, forðatöflur	Verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Þetta lyf hentar fyrst og fremst fólki, sem er með langvinna, væga verki, en síður þegar um bráða verki er að ræða. Full verkjastillandi verkun næst ekki strax eftir fyrsta skammti, en verkun helst allan sólarhringinn eftir reglulega inntöku í fáeina daga. Venjulegur skammtur er 2-4 forðatöflur í senn, mest tvisvar sinnum á sólarhring handa fullorðnum við höfuðverk, tannverk, tíðaverk og sótthita af völdum influensu eða kvefs. <i>Börn 8-16 ára:</i> 1-2 forðatöflur mest tvisvar sinnum á sólarhring. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 8 ára. <i>Lyfið má ekki nota, ef um lifrarsjúkdóma er að ræða.</i>

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi 1. desember 1993.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. nóvember 1993.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Einar Magnússon.